

## Stjórnarfundur STEFs 11. september 2023 / Fundargerð - útdráttur

Að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs kl. 11:00 mánudaginn 11. september 2023.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason, Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Sigríður Thorlacius, Sigurður Flosason og Eyþór Gunnarsson. Þuríður Jónsdóttir boðaði forföll, en varamaður hennar gat ekki mætt. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 21. júní 2023, svo og útdráttur voru lögð fram og samþykkt.
2. Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum var lagt fram.

Undir þeim lið voru eftirfarandi skjöl lögð fram og rædd:

1. Nýr samningur við Spotify.
2. Dæmi um tónleikaúthlutun til höfunda.
3. Fréttabréf STEFs júní 2023.
4. Dagskrá málþings um gervigreind og höfundarétt.
5. Stöðuyfirlit fjárhags frá janúar til september 2023.

Varðandi nýjan samning við Spotify, þá felur samningurinn í sér nokkrar hækkanir til handa höfundum og þá sérstaklega á heimamarkaði (Norðurlöndin). Þá er enn fremur bætt við eldri samning fjölmörgum löndum til viðbótar í Afríku og Mið-Austurlöndum, sem STEF fær þá greitt beint frá, sem ætti að tryggja bæði hærri greiðslur en áður svo og að greiðslur berist fyrir. Undir þessum lið var einnig rætt um hlutfall innlendrar tónlistar í streymi innanlands, sem er undir 20% og t.d. langt undir því sem tíðkast í Danmörku. Þarna skiptir m.a. máli að ekki er neinn sem þekkingu hefur á íslenska tónlistargeiranum í ritstjórn Spotify, svo og að algrímið ýtir frekar stórum alþjóðlegum listamönnum að hlustendum.

Varðandi umræðu um málþing um gervigreind og höfundarétt, kom fram að viðskiptamódel IHM gæti jafnvel nýst höfundum þegar kemur að fyrirtækjum sem nýta höfundaréttarvarin verk til að þjálfa gervigreind, á þann hátt að þau myndu greiða til aðila eins og IHM sanngjarnt endurgjald vegna þessa.

3. Nýr samningur við RÚV.
  - Lagt fram minnisblað um samningaviðræður RÚV og STEFs.
  - Lagður fram undirritaður samningur milli RÚV og STEFs.

Stjórn lýsti yfir ánægju sinni með að samningar hafi loksins náðst við RÚV, en viðræður um nýjan samning hófust 2019. Samningurinn felur í sér umtalsverðar hækkanir á greiðslum til höfunda, á sama tíma og samningurinn er lagaður að nýjum veruleika með mismunandi miðlunarleiðum efnis. Þá var um leið skrifaður alveg nýr kafli um tónsetningu, sem skýrir línur mjög frá því sem áður var. Tónsetningarkafli samningsins verður sérstaklega kynntur meðlimum STEFs svo og kvikmyndaframleiðendum.

4. Breytingar á reglum Stórverkasjóðs.

Lögð var fram tillaga að við reglurnar yrði bætt eftirfarandi ákvæði:

*Æskilegt er að fyrir liggja skriflegt vilyrði fyrir flutningi verksins og skal staðfesting á slíku fylgja umsókn.*

Var það samþykkt.

Því til viðbótar kom fram það álit, að breyta reglum sjóðsins á þann hátt að við úthlutun yrði höfð hliðsjón af reynslu, ferli og magni verka og tekna viðkomandi innan STEFs, þannig að ljóst væri að þetta væru ekki í eðli sínu nýliðastyrkir. Samþykkt var að eftirfarandi ákvæði yrði einnig bætt við reglurnar:

*Við veitingu styrkja skal hafa til hliðsjónar feril höfundar og vægi hans innan STEFs.*

5. Verðskrá STEFs.

Lagt var fram minnisblað frá skrifstofu STEFs um áhrif breytingar á verðskrá fyrir minni tónleika, svo og hækkun á lágmarksverðum. Málið var til umræðu í framhaldi af fulltrúaráðsfundi STEFs í maí, en einnig var málið rætt á síðasta stjórnarfundum.

Eftir að hafa reifað ýmis sjónarmið í tengslum við málið var ákveðið að bíða með allar breytingar á verðskránni.

6. Stofnun Tónlistarmiðstöðvar.

Lögð var fram skipulagsskrá *Tónlistarmiðstöðvar*, svo og afrit auglýsingar eftir framkvæmdarstjóra. Rætt var um helstu verkefni Tónlistarmiðstöðvarinnar og þá vinnu sem framundan er í tengslum við stofnun hennar.

7. Vörumerkjavitund – samfélagsmiðlar – forsyning á myndböndum

Sýnd voru nokkur myndbönd sem búið var að grófvinna, sem STEF hefur látið framleiða fyrir sig til kynningar á STEFi. Almenn ánægja var með útkomuna.

8. Undirritun á skjölum fyrir fyrirtækjaskrá v breytinga á stjórn o.fl.

Skjöl voru undirrituð og verða send í framhaldinu til skráningar hjá Fyrirtækjaskrá.

9. Önnur mál

Ákveðið var að breyta dagsetningu á næsta stjórnarfundum, frá 19. október til 20. október.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 13:00.